

Fundargerð ársfundar Vorsteh deildar fyrir starfsárið 2021

Fundur var haldinn í húsnæði Hundaræktarfélags Íslands fimmtudaginn 31. mars 2022 og var fundur settur kl. 19:30

Fundarstjóri og ritari fundar var Unnur A. Unnsteinsdóttir

Fundarstjóri hafði áður kannað lögmæti fundar, sem staðfest var að boðaður hafði verið með lögmætum hætti. Engar athugasemdir voru við lögmæti fundar.

Guðni formaður fór yfir ársskýrslu deildarinnar. Ein athugasemd kom varðandi ársskýrsluna en í samantekt yfir nýja titla á árinu vantaði Veiðimela Orra sem varð íslenskur meistari á árinu 2021.

Ársreikningur var samþykktur af fundi.

Gunnar gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og var bankayfirlit lagt fram til yfirferðar.

Engar athugasemdir bárust við reikninga og voru þeir samþykktir.

Því næst var farið í heiðrun stigahæstu hunda.

Fjögur sæti voru laus í stjórn, tvö til tveggja ára og tvö til eins árs.

Í sætin til tveggja ára gáfu kost á sér Andreas, Erla og Ingi. Erla og Ingi voru með meirihluta atkvæða í kosningu til tveggja ára.

Í sætin til eins árs gáfu kost á sér Dána, Elín og Gunnar. Dána og Elín voru með meirihluta atkvæða í kosningu til eins árs.

Í nýskipaðri stjórn sitja; Dána, Elín, Erla, Guðni og Ingi.

Í lokin var farið önnur mál.

Jón Garðar spyr formann hvernig hundur geti fengið titil til veiðimeistara án þess að hafa fengið meistarastig eða 1. einkunn í alhliðaprófi. Formaður svarar því til að í eldra regluverki veiðiprófsreglna hafi ekki verið gerður greinarmunur á samsettu prófi og alhliðaprófi með skýrum hætti. Friðrik svarar því til að ekki sé munur þar á. Dána las upp veiðiprófsreglurnar. Í kjölfarið komu nokkrar umræður um reglurnar. Friðrik benti á þetta stæði í reglunum og því ekki vafi þar á. Hundar halda sínum réttindum áfram þó nýtt regluverk komi inn og hafi því verið sótt um titilinn byggðan á eldra regluverki veiðiprófsreglna.

Fundi slitið kl. 20:16